



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 9. febrúar 2022

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: fös 09.02.2022 kl. 14:00

Mættir: Anna, Ragnar, Áróra, Íris, Alexandra, Bjarni, Olga, Sirrý

Fundarritari: Ragnar og Alexandra

GBC Iceland:

1. Alexandra Kjeld, ritari stjórnar (AK), – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
2. Bjarni Þór Þórólfsson, meðstjórnandi (BPP), – Búseti – bjarni@buseti.is
3. Olga Árnadóttir, stjórnarmaður (OÁ), – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
4. Ragnar Ómarsson, formaður stjórnar (RÓ), – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir, stjórnarmaður (SÓB), – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir, stjórnarmaður (ASJ), - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri stjórnar (ÍÞ), - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
8. Áróra Árnadóttir (ÁA) – framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Fréttir úr starfi
2. Fjárhagur félags og aðalfundur

1. Fréttir úr starfi

Áróra átti fund með Skipulagsstofnun þar sem fram kom áhugi stofnunarinnar á að auka samstarf við félagið varðandi vistvænt skipulag. Stofnunin vinnur að leiðbeiningum um vistvænt skipulag fyrir sveitarfélög og gæti hugsað sér að fá aðkomu Gb við kynningu á þeirri vinnu. Einnig var nefnt hvort mögulega væri hægt að fá Miisa frá GBC Finnlandi til þess að halda kynningu fyrir starfsfólk Skipulagsstofnunar, en hún var með erindi um fyrirsjáanlegar breytingar á loftslagi í Finnlandi og hvernig taka þarf tillit til þeirra í skipulagi á Nordic GBC Webinar sem haldið var af Íslandi.

Verið er að vinna í að koma nýrri tölvu fyrir félagið í gagnid.

Verkefnið í Póllandi er í biðstöðu en svar gæti borist skjótt og þá þarf Gb að vera tilbúið með sitt framlag sem er fólgið í verkefnastjórnun og kynningum. Ráða þarf starfsmann sem kann pólsku.

Morgunfundur í febrúar sem fram fer í næstu viku er tilbúinn og verður sendur út á netinu.

Morgunfundur í mars er mótaður. Freyr Eyjólfsson frá Sorpu mun kynna hugmyndir félagsins um endurvinnsluþorp í Álfsnesi.

Mögulega verður morgunverðarfundur í apríl færður til svo hann falli ekki inn í páska og aðra frídaga.



2. Fjárhagur félags og aðalfundur

Fjárhagur félagsins er góður. Það eru um 2,4 millj. á reikningi og framundan er innheimta á aðildargjöldum. Frmkvstj. Sýndi bráðabirgðarekstraráætlun fyrir árið sem gerir ráð fyrir 27 millj. króna velltu. Þar vega þyngst tekjur vegna rannsóknarverkefna tengd Byggjum grænni framtíð sem áætlað að verði upb. 13 milljónir. Til þess að vinna þessi verkefni þarf að ráða verkefnaaðstoð.

Ræddir voru möguleikar á að samnýta starfsfólk í rannsóknarverkefnum til að vinna verkefni sem Grænni byggð myndi móta og gefa út. Skorað er á stjórnarmenn að leggja til hugmyndir að slíku.

Ákveðið var að aðalfundur yrði haldinn fimmtudaginn 28. apríl kl. 15:00. Mögulega í Hannesarhúsi en það þarf að staðfesta það.

Hefja þarf undirbúning á gerð ársskýrslu og ársreikning. Hafa þarf samband við endurskoðanda um uppgjörið.

Fleira var ekki gert. Næsti fundur 9. mars 2022.